Stærsti síldarsamningurinn við Rússa um árabil er annmörkum háður

Þurfum að lána Rússum 800 milljónir króna

Stærsti síldarsamningur Síldarútvegsnefndar við Rússa um langt árabil er í höfn — ef Landsbankinn tekur þá ákvörðun að gangast í ábyrgð gagnvart rússneska bankanum Vneshtorgbank. Um er að ræða sölu á 30 þúsund tonnum eða 300 þúsund tunnum af léttverkaðri, hausskorinni og slógdreginni síld fyrir um 1.600 milljónir króna. Þetta svarar til um 40 þúsund tonnum upp úr sjó.

Landsbankinn hefur gefið boltann yfir til Seðlabankans, sem síðan gaf viðskiptaráðherra, Jóni Sigurðssyni álit sitt á þeim hugmyndum að Landsbankinn lánaði Rússum 800 milljónir króna til að kaupa síldina. Ekki náðist í Jón Sigurðsson, viðskiptaráðherra í gærdag, en hann mun senn svara Landsbankanum hvað gera skal í stöðunni.

Einar Benediktsson, framkvæmdastjóri Síldarútvegsnefndar sagði í Morgunblaðinu í gær að okkur bæri skylda til að rétta Rússum hjálparhönd. Benti hann á hagstæð viðskipti okkar við Rússa um áratuga skeið og góð viðskipti Landsbankans við rússneska ríkisbankann.

Síldarútvegsnefnd hefur staðið að undanförnu í samningum við Rosvneshtorgh, sem er fyrirtæki í eigu rússneska lýðveldisins. Síldaútvegsnefnd segir að frá upphafi hafi það verið ljóst að áður en til slíkra viðskipta kæmi, yrði að nást samkomulag um viðskiptasamning milli ríkisstjórna Íslands og Rússlands.

Snemma á síðasta ári hófst undirbúningur að gerð viðskiptasamnings milli ríkisstjórna Íslands og Rússlands, sem lauk síðan í síðasta mánuði með gerð viðskiptasamnings og bókunar í Reykjavík.

Í samningi þessum er gert ráð fyrir viðskiptum að andvirði 80 milljónum Bandaríkjadala á samningstímanum, tveim árum. Gert er ráð fyrir að Rússar kaupi aðallega saltaða síld, frystan fisk, lagmeti og ullarvörur, þar af saltsíld fyrir 30 milljónir dollara.

Samhliða viðræðum þessum um viðskiptasamning var unnið að fyrirframsölu á vegum Síldarútvegsnefndar á saltaðri síld. Árangurinn varð sá að fullfrágengin samningsdrög voru undirrituð af báðum aðilum í byrjun desember síðastliðnum. Fyrirvari var á af hálfu Rússa að samkomulag gæti tekist milli banka rússneska lýðveldisins og Landsbanka Íslands um greiðslufyrirkomulag. Þar stendur hnífurinn í kúnni eins og málið stóð í gærkvöldi.

Gömlu meistararnir á Kjarvalsstöðum

Á morgun, laugardag, verða opnaðar tvær veigamiklar sýningar á Kjarvalsstöðum. Í vestursal og í forsal eru verk eldri meistaranna úr Listasafni Reykjavíkur og í austursal er úrval verka eftir Jóhannes Kjarval. Sama dag opnar sýning á ljóðum eftir Ísak Harðarson.

Í hópi gömlu meistaranna eru Ásgrímur Jónsson, Eyjólfur Eyfells, Finnur Jónsson, Gunnlaugur Briem, Gunnlaugur Scheving og Jóhann Briem svo örfáir séu nefndir, en alls eru þeir 16 og verk þeirra sem sýnd eru eru 58 talsins.

RADAUGLÝSINGAR

BORGARSKIPULAG REYKJAVÍKUR
BORGARTÚN 3 · 105 REYKJAVÍK · SÍMI 26102 · MYNDSENDIR 623219

Atvinnuauglýsing

Borgarskipulag Reykjavíkur óskar eftir að ráða starfsmann sem fyrst.

Starfssvið:
Umsjón með teikninga- og skjalasafni stofnunarinnar og aðstoð við undirbúning funda skipulagsnefndar.

Leitað er eftir manni með þekkingu á skjalavörslu og tölvuvinnslu og áhuga á skipulagsfræðum og arkitektúr.

Umsóknum skal skila til Borgarskipulags Reykjavíkur, Borgartúni 3, 105 Reykjavík, fyrir 25. janúar nk.

Framboðsfrestur

Ákveðið hefur verið að viðhafa allsherjar atkvæðagreiðslu um kjör stjórnar, trúnaðarmannaráðs og endurskoðenda í Verzlunarmannafélagi Reykjavíkur fyrir árið 1992.

Framboðslistum skal skila á skrifstofu félagsins, Húsi verslunarinnar, Kringlunni 7, eigi síðar en kl. 12.00 á hádegi, mánudaginn 13. janúar 1992.

Kjörstjórnin

Auglýsing

um viðtalstíma iðnaðar- og viðskiptaráðherra í Hafnarfirði, 15. janúar 1992

Jón Sigurðsson, iðnaðar- og viðskiptaráðherra, verður með viðtalstíma miðvikudaginn 15. þ.m. á bæjarskrifstofunum í Hafnarfirði frá kl. 10.00—12.00.

Þeir sem áhuga hafa á að panta viðtalstíma við ráðherrann geta látið skrá sig á bæjarskrifstofunum í Hafnarfirði í síma 53444.

Iðnaðarráðuneytið,
Viðskiptaráðuneytið,
8. janúar 1992.

Auglýsing um fasteignagjöld

Lokið er álagningu fasteignagjalda í Reykjavík árið 1992 og verða álagningarseðlar sendir út næstu daga ásamt gíróseðlum vegna fyrstu greiðslu gjaldanna.

Gjalddagar fasteignagjalda eru 15. janúar, 1. mars og 15. apríl.

Gjöldin eru innheimt af Gjaldheimtunni í Reykjavík, en einnig er hægt að greiða gíróseðla í næsta banka, sparisjóði eða pósthúsi.

Skráningardeild fasteigna, Skúlatúni 2, veitir upplýsingar um álagningu gjaldanna, sími 18000.

Tekjulágir elli- og örorkulífeyrisþegar sem fengu lækkun á fasteignaskatti á liðnu ári hafa fengið hlutfallslega lækkun fyrir árið 1992. Framtalsnefnd mun yfirfara framtöl gjaldenda þegar þau liggja fyrir, væntanlega í mars- eða aprílmánuði, og úrskurða endanlega um breytingar á fasteignaskattinum, m.a. hjá þeim sem ekki hafa þegar fengið lækkun en eiga rétt á henni samkvæmt þeim reglum sem borgarstjórn setur, sbr. 4. mgr. 5. gr. 1. nr. 90/1990 um tekjustofna sveitarfélaga. Verður viðkomandi tilkynnt um niðurstöðu, ef um breytingu verður að ræða.

Borgarstjórinn í Reykjavík, 8. janúar 1992.

Reykjavík

Svæðisstjórn málefna fatlaðra í Reykjavík leitar eftir kaupum á hentugu húsnæði fyrir sambýli fatlaðra. Um er að ræða tvær íbúðir í einbýlishúsi, samtals um 300 m² að stærð að meðtalinni bílgeymslu.

Tilboð, er greini staðsetningu, stærð, byggingarár og -efni, herbergjafjölda, brunabóta- og fasteignamat, afhendingartíma og söluverð, sendist eignadeild fjármálaráðuneytisins, Arnarhvoli, 150 Reykjavík, fyrir 18. janúar 1992.

Fjármálaráðuneytið, 8. janúar 1992.

Verðkönnun — Ljósritunarvélar

Verkefnisstjórn Ráðhúss Reykjavíkur óskar eftir verðtilboðum í ljósritunarvélar fyrir Ráðhús Reykjavíkur.

Gögn fást afhent á skrifstofu borgarverkfræðings, Skúlatúni 2, 3. hæð, 105 Reykjavík.

INNKAUPASTOFNUN RÍKISINS

Tilboð

Til sölu fjölbýlishús að Grænási 1—3 í Njarðvík

Kauptilboð óskast í fjölbýlishús að Grænási 1—3, Njarðvík.

Um er að ræða 3 hús með 8 íbúðum hvert. Brúttó flatarmál hvers húss er 905,6 m² og brúttó rúmmál 2807 m³. Brunabótamat allra byggginganna er kr. 117.838.000,-

Íbúðirnar verða til sýnis í samráði við Arnbjörn Óskarsson hjá Flugmálastjórn, Keflavíkurflugvelli (sími 92-50625 v. og 92-12757 h.)

Tilboð í einstakar íbúðir eða öll húsin, er greini heildarverð og greiðsluskilmála, sendist Innkaupastofnun ríkisins, Borgartúni 7, Reykjavík, fyrir kl. 11.00 þann 24. janúar 1992.

INNKAUPASTOFNUN RÍKISINS
BORGARTÚNI 7, 105 REYKJAVÍK

Laus staða gjaldheimtustjóra

Staða forstöðumanns Gjaldheimtunnar í Reykjavík er laus til umsóknar.

Borgarstjórn Reykjavíkur skipar í stöðuna. Forstöðumaður skal vera embættisgengur lögfræðingur. Staðan veitist frá 1. mars 1992 og ber að skila umsóknum til borgarstjórans í Reykjavík eigi síðar en 30. janúar nk.

Borgarstjórinn í Reykjavík, 9. janúar 1992.

Útboð

Þingvallavegur, Álftavatn — Búrfellsvegur

Vegagerð ríkisins óskar eftir tilboðum í lagningu 3,64 km kafla á Þingvallavegi.

Helstu magntölur: Fyllingar og neðra burðarlag 30.000 m³ og fláafleygar 6.000 m³.

Verki skal lokið 15. júní 1992.

Útboðsgögn verða afhent hjá Vegagerð ríkisins á Selfossi og í Borgartúni 5, Reykjavík, (aðalgjaldkera) frá og með 13. janúar nk.

Skila skal tilboðum á sömu stöðum fyrir kl. 14.00 þann 27. janúar 1992.

Vegamálastjóri